

FUNDARGERÐ

166. stjórnarfundur KRAFT

166. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 1. júlí 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Aron Ingi, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: -
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. HM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Auðunn íþróttastjóri fór yfir árangur landsliðsfólks á HM í klassík í Litháen.

Kristrún Ingunn Sveinsdóttir -52 kg / 18. sæti (af 20)
HB 127.5 kg - BP 77.5 kg - RL 140 kg - Samtals 345 kg
Íslandsmet í hnébeygju.

Drífa Ríkarðsdóttir -57 kg / X
HB 132.5 kg - BP 85 kg - RL X kg - Samtals X kg

Alexander Örn Kárason -93 kg / 19. sæti (af 34)
HB 275 kg - BP 197.5 kg - RL 282.5 kg - Samtals 755 kg
Íslandsmet í bekkpressu.

Lucie Stefaniková - Náði ekki þyngd í tæka tíð

Viktor Samúelsson -105 kg / 20. sæti (af 30)
HB 270 kg - BP 195 kg - RL 315 kg - Samtals 780 kg

Kristín Þórhallsdóttir -84 kg / 4. sæti (af 10)
HB 217.5 kg - BP 112.5 kg - RL 215 kg - Samtals 545 kg
3. sæti í hnébeygju - Tvíbætti heimsmetið í hnébeygju í M1.
Heimsmet í M1 í samanlögðu.

Hanna Jóna Sigurjónsdóttir +84 kg / 11. sæti (af 15)
HB 200 kg - BP 95 kg - RL 195 kg - Samtals 490 kg

3. EFTIR HM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Eftir HM (og önnur alþjóðlega mót á árinu) er ljóst að þjálfarar og aðstoðarmenn þurfa í sameiningu að passa vel byrjunarþyngdir keppenda, skoða þær út frá aðstæðum hverju sinni. Einnig þarf að

gæta að þjálfarteymi fyrir hvert mót eigi samtál við keppendur um líkamsþyngdir svo ekki komi til þess að keppenda nái ekki þyngd í tæka tíð.

4. **IPF ÞINGIÐ**

Hinrik sagði frá þinginu. Það var frekar tíðindalítið nema að Suður-Kórea var rekið úr IPF. Nokkrir góðir Íslandsvinir voru teknir inn í Hall of Fame : Klaus Brostrom, Tony Cliff og Kimberley Walford. Emanuel Scheiber hefur hætt störfum hjá IPF en mun starfa áfram fyrir EPF. NPF hittist á þinginu og fóru yfir nokkur mál. Undirbúningur fyrir NM gengur vel. Verður keppt á einum palli. Whiteley hjónin verða kynnar í streymi og palli.

5. **LANDSLIÐ**

Landsliðsnefndin fundaði 30. júní og samþykkti keppendalista fyrir næstu landsliðsverkefni. Hinrik renndi yfir listann. Næstu verkefni eru EM í bekkpressu í klassík og búnaði, HM unglunga í klassík, NM unglunga í klassík og í búnaði, V-V-Evrópukeppnin í klassík og búnaði og EM unglunga í klassík. Listinn yfir keppendur á NM verður birtur með fyrirvara.

Stjórn samþykkti landsliðsval.

6. **BIKARMÓT Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU**

Stjórn hefur samþykkt að því verði seinkað um viku og fari fram á Menningarnótt Reykjavíkurborgar. Mótshaldari er Ármann og SBD Ísland. Mótssdagur 24. ágúst.

7. **BIKARMÓT Í KRAFTLYFTINGUM Í BÚNAÐI**

Tímabil fyrir bikarmót í þrilyftu helst óbreytt þ.e. flyst ekki til eins og bikarmót í klassískri bekkpressu.

Á stjórnarfundum var ekki komin mótshaldari en í vikunni eftir stjórnarfund samþykkti lyftingadeild KA að halda mótið.

8. **ATVIK Á ÍM Í RÉTTSTÖÐULYFTU**

KRAFT barst kvörtun vegna atviks sem átti sér stað á ÍM. Kvörtunin er komin í ferli hjá KRAFT og verður félagsmaður sem sendi kvörtun upplýstur um það.

9. **RIG**

Umræða varð um framtíð kraftlyftinga á RIG. Það hefur sýnt sig síðustu ár að mjög erfitt er að fá erlenda keppendur en það er forsenda hjá ÍBR. Áður var hægt að setja heimsmet á RIG en IPF tók það út. Mótið er orðið lítið boðsmót með innlendum þáttakendum en með alla umgjörð eins og alþjóðlegt mót sem er kostnaðarsamt (m.a. erlendir alþjóðadómarar). Meirihluti stjórnar KRAFT telur að sleppa eigi RIG 2025 en vill heyra einnig í mótanefnd og landsliðsnefnd.

Þórunn, nefndarmaður í mótanefnd, heyrir hug mótanefndar.
María, nefndarmaður í landsliðsnefnd, heyrir hug landsliðsnefndar.

Eftir stjórnarfund kom fram að mótanefnd tekur undir með stjórn að það eigi að sleppa RIG 2025.

10. MÓTASKRÁ

Mótanefnd vinnur að mótaskrá fyrir næsta ár. Komið hefur upp sú hugmynd að hafa byrjendamót tvisvar á ári þ.m.t. dómarapróf.

Laufey sendir á Helga Hauks og dómaranefnd og fær þeirra álit.

11. LÁGMÖRK

Uppreiknuð lágmörk frá 1.janúar. Aron Friðrik og landsliðsnefnd sjá um það. Verður auglýst með fyrirvara á heimasíðu KRAFT. Einnig þarf að ítreka við félög ósk KRAFT um þau sendi ekki á ÍM í klassík (opinn flokkur) byrjendur eða aðra sem hafa ekki ca þ 70 IPF GL stig.

12. ÖNNUR MÁL

-

13. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

14. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.55